



A 1829/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndarinnar um
Þingmannatillögu um túlkun samninga í norrænum rétti

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að panta skýrslu utanaðkomandi sérfræðings á sviði laga til að varpa ljósi á og setja fram tillögur um þau svið sem gætu hentað best í vinnu Norðurlandaráðs að efldu norrænu lagasamstarfi, þar á meðal að því er varðar eftirfylgni skýrslu Inge Lorange Backer

að matið geti verið grundvöllur pólitískra ákvarðana ráðsins varðandi þau svið sem ráðið vill leggja til við ríkisstjórnirnar að hefja viðræður um og fleira

Skýring

Flokkahópur miðjumanna lagði til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum um

að þær taki upp viðræður um upptöku einsleitra lagaákvæða um túlkun samninga í norrænum rétti

Forsætisnefndin fjallaði um þingmannatillöguna í fyrsta sinn á fundi sínum þann 28. janúar 2020. Takmörkuð umræða fór fram um inntak tillögunnar.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda létu árið 2018 gera skýrsluna [„Eflt norrænt lög-gjafarsamstaf. Tækifæri og áskoranir“](#) sem var samin af prófessor emeritus Inge Lorange Backer. Skýrslan inniheldur 13 tillögur en endurskoðun norrænna samningalaga er ekki ein þeirra. Lorange Backer getur þó samningalaganna, m.a. á bls. 56:

«Norrænu samningalögin eru grundvöllur viðskipta milli einstaklinga og innihalda reglur um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þau voru samþykkt á tímabilinu 1915–1920 í framhaldi af norrænu löggjafarsamstarfi. Fáeinar tilraunir voru gerðar til að endurskoða þau á tíunda áratug síðustu aldar en verkið steytti á skeri m.a. vegna þess að vinna var hafin í ESB að undirbúningi regluverks um neytendavernd gegn ósanngjörnum samningum (reglur sem síðar voru felldar inn í norrænu samningalögin). Burtséð frá þessu eru lögin í meginatriðum óbreytt og taka ekki



beint til nýrri aðferða við samningsgerð eða staðlaðra samninga en skiptar skoðanir eru meðal lögfróðra manna um þörfina á endurskoðun.»

En fyrsta tillagan í skýrslunni «Eflt norrænt löggjafarsamstarf. Tækifæri og áskoranir» fjallaði um vinnu Norðurlandaráðs að norrænu löggjafarsamstarfi, bls. 52:

«1. *Norðurlandaráð ætti að taka frumkvæði að lagasamstarfi.* Norrænt lagasamstarf hefur í mörgum tilvikum byggt á ákvörðunum (tilmælum) Norðurlandaráðs. Allur gangur hefur verið á því hvernig slík ákvörðun hefur verið undirbúin en ákvörðun Norðurlandaráðs um verkefni í lagasamstarf myndi veita því pólitískan stuðning og vægi og stuðla að því að þau njóti forgangs í störfum ráðherranefndanna og stjórnvalda. Í því skyni að treysta grundvöll fyrir mat og ákvarðanir Norðurlandaráðs getur verið hentugt að hver ráðherranefnd styðji tvær eða þrjár forgangstillögur um norrænt (laga)samstarf sem þjóðþing landanna fá tækifæri til að tjá sig um áður en þær eru lagðar fyrir Norðurlandaráð. Þess háttar tillögur gætu fengið ákveðið pólitískt og faglegt mat áður en þær eru lagðar fram í Norðurlandaráði. Ef ráðherranefndin og einstök lönd koma að málinu með þessum hætti áður en Norðurlandaráð tekur ákvörðun mun það líklega stuðla að skilvirkri eftirfylgni með ákvörðun ráðsins. Tilmælum Norðurlandaráðs er einnig hægt að fylgja eftir á þjóðþingum landanna af fulltrúum sem einnig sitja í Norðurlandaráði. Mun það styrkja hlutverk Norðurlandaráðs enn frekar ef forgangsverkefni ráðsins í lagasamstarfinu hljóta fjárveitingar úr norrænu fjárhagsáætluninni.»

Umsagnir

Forsætisnefndin ákvað í janúar 2020 að senda tillöguna til umsagnar í Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni. Nefndin fjallaði um tillöguna 29. apríl 2020. Á fundinum lýsti nefndin yfir stuðningi við þingmannatillöguna og sérstaklega var bent á að mestu skipti að Norðurlöndin hefðu sameiginlega sýn þegar kæmi að túlkun og beitingu norrænna samninga.

Álit forsætisnefndarinnar

Forsætisnefnd álitur að eflt norrænt löggjafarsamstarf geti verið liður í vinnu að framkvæmd framtíðarsýnarinnar um Norðurlönd sem samþættasta svæði í heimi.

Norrænt löggjafarsamstarf er þó stór og flókinn málaflokkur sem skrifstofa Norðurlandaráðs hefur ekki bolmagn til að gera tillögur um að því er varðar sértæk lagavið. Því leggur forsætisnefnd til að Norðurlandaráð samþykki að ráðið láti utanaðkomandi sérfræðing á sviði laga gera mat á þeim sviðum sem gætu hentað best í vinnu Norðurlandaráðs að efla norrænu lagasamstarfi, bæði á eigin vegum og í samstarfi við hlutaðeigandi norrænar fagráðherranefndir.



Norðurlöndum 28. júní 2021

Aron Emilsson (SD)

Bertel Haarder (V)

Christian Juhl (EL)

Erkki Tuomioja (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Hans Wallmark (M)

Jouni Ovaska (cent)

Karin Gaardsted (S)

Martin Kolberg (A)

Michael Tetzschner (H)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)

Wille Rydman (saml)